

Kjörseðill og kosning

Kosning til stjórnlagabings hinn 27. nóvember 2010 verður með allt öðrum hætti en tíðkast hefur í almennum kosningum hér á landi. Kosnir verða 25 þingfulltrúar en til að jafna kynjahlutföll kann að verða bætt við allt að 6 fulltrúum. Landið verður eitt kjördæmi. Vægi atkvæða verður því óháð búsetu. Talning fer fram miðlægt á vegum landskjörstjórnar og úrslit verða birt fyrir landið í heild en ekki eftir kjördæmum.

Kjósendur fá mikið vald með atkvæði sínu. Þeir merkja ekki aðeins við einn frambjóðanda með krossi, eins og vaninn hefur verið héraendis, heldur velja þeir eins marga frambjóðendur og hugur þeirra býður (þó ekki fleiri en 25). Ekki nóg með það heldur skulu kjósendur raða þeim sem þeir vilja að sitji þingið í forgangsröð. Kjósandinn fer þó aðeins með eitt atkvæði en hann getur mælt fyrir um hvernig atkvæði hans skuli varið þannig að hann hafi raunveruleg áhrif á það hverjir veljast á þingið. Kjósandinn velur fyrst þann frambjóðanda sem hann leggur mest kapp á að ná kjöri, en að honum frágengnum þann frambjóðanda sem hann vill að þá taki við keflinu og nýti atkvæði sitt o.s.frv.

Ástæða er til að hvetja kjósendur til að raða sem flestum í forgangsröð og nýta þannig atkvæði sitt til fulls. Þá kunna menn að spyrja hvort ekki sé verið að þynna atkvæðið út. En svo er ekki því að uppgjörsaðferðin við talninguna sér við því. Það rýrir aldrei stuðning kjósandans við þá sem á undan eru komnir í forgangsröð hans að bæta fleirum við. Það skaðar t.d. ekki stuðning við þann sem valinn hefur verið sem 1. val ef bætt er við öðrum að 2. vali. Þetta er mikilvægur eiginleiki aðferðarinnar, e.t.v. sá mikilvægasti.

Þar sem ekkert er vitað um fjölda frambjóðenda fyrr en framboðsfrestur er útrunninn (18. október) verður að miða við að þeir geti orðið margir. Af þeim sökum er mælt fyrir um að upplýsingar um frambjóðendur og kjörseðillinn sjálfur skuli vera aðskilin gögn. Lista yfir frambjóðendur verður dreift á öll heimili í landinu og upplýsingar um þá verða hafðar aðgengilegar á kjörstöðum og í kjörklefum, m.a. sérstök auðkennistala sem hverjum frambjóðanda verður úthlutað af handahófi. Á kjörseðlinum verða síðan 25 línur og í þær færir kjósandinn val sitt með því að tilgreina auðkennistölur þeirra sem hann raðar. Dæmi um þetta má sjá á meðfylgjandi mynd. Að neðanverðu sést brot af kjörseðli þar sem kjósandi hefur þegar valið sér tvo frambjóðendur sem 1. og 2. val eftir að hafa fundið auðkennistölur þeirra á frambjóðendalistanum að ofanverðu.

Listi yfir frambjóðendur ásamt auðkennistölum

Hallgerður Höskuldsdóttir baráttukona	Hlíðarenda	2	2	4
....				
Njáll Bergþórsson lögmaður	Bergþórshvoli	5	7	7

Brot af kjörseðli

Færa skal auðkennistölur í reitina			
1. val	5	7	7
2. val	2	2	4
Og svo framvegis			

Þegar nær dregur kosningunni verður sett upp vefvél til að auðvelda kjósendum að koma undirbúnir á kjörstað með ígildi kjörseðils.